

Nd.

128. Nefndarátt

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með skirskotun til athugasemdanna við frumvarpið getur nefndin fallist á það, að viðauki sá, sem hjer er farið fram á við fiskiveiðalöggjöf vora, sje nauðsynlegur. Með þessum viðauka er alveg skorið úr þrætunni um það, hvort framvegis sje hægt að taka erlend skip á leigu til fiskiveiða hjer við land af isl. ríkisborgurum, í skjóli laga um fiskiveiðar í landhelgi frá 19. júní 1922. En fyrir þetta er girt með frumvarpinu.

Að því er skip þau snertir, sem þegar hafa fengið hjer leyfi til fiski-
veiða, en heimilisfang eiga í útlöndum, þá fellst nefndin og fyllilega á það, að
þeim beri að veita undanþágu frá þessari viðaukalagasetning, eins og frumvarpið
fer fram á, en álitur eftir atvikum rjett, þegar sú undanþága verður veitt, að
hún verði bundin við ákveðið tímabil, en verði ekki gefin um aldur og æfi.
Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykkt með svo feldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsg.

Á eftir orðunum »Atvinnumálaráðherra getur þó veitt« komi: um
ákveðið árabil.

Einn nefndarmanna, Jón Baldvinsson, er andvígur frv.

Alþingi, 4. mars 1925.

Ásgeir Ásgeirsson, Ágúst Flygenring, Sigurj. Jónsson.
form. frsm.

Jón Baldvinsson. Jakob Möller,
fundaskr.